



**Aðalfundur Ungmennafélagsins Sindra, haldinn í Heklu, Hafnarbraut 15,
þriðjudaginn 29.apríl 2024 kl. 17:00.**

1. Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.

Einar Sigurjónsson formaður Umf. Sindra setti fundinn og bauð gesti velkomna. Einar gerði það að tillögu að Sigurður Óskar Jónsson stjórnarmaður USÚ yrði fundarstjóri og Hanna María Friðriksdóttir yrði ritari. Tillaga var samþykkt. Einar bauð líka Önnu Guðnýju Gunnarsdóttur sem hefur séð um bókhaldið fyrir félagið velkomna. Einar bauð Sigurði Óskari að taka við. Um 30 manns voru mættir á fundinn.

2. Fráfarandi stjórnir flytja skýrslur sínar fyrir síðasta reikningsár ásamt því að leggja fyrir endurskoðaða reikninga félagsins og deilda þess.

Bent var á að hægt væri að nálgast skýrslur og reikninga í heild sinni á heimasíðu Sindra.
www.umfsindri.is/umfelagid/arsskyrslur/

Blakdeildin

Katrín Birta Björgvinsdóttir meðstjórnandi, fer yfir ársskýrsluna fyrir hönd blakdeildar og ársreikninga með aðstoð Margrétar Kristinsdóttur framkvæmdastjóra. Sameiginleg skýrsla er fyrir meistaraflokka og yngri flokka en skipting varð á deildinni vegna umfangs haustið 2024 og mun skýrslu og ársreikning skipt fyrir starfsárið 2025. Meistaraflokk kvenna hefur gengið vel og um 30 konur hafa verið að æfa og þar af 13 konur í 1.deild. Teflt var fram liði í 1.deild í fyrsta skipti í sögu félagsins og hefur verið góð mæting á heimaleikina. Einnig var teflt fram liði í 6. deild og stóðu þær sig með prýði en þar sem þær keppa í tourneringum hafa ekki verið heimaleikir hjá þeim. Mikil vöxtur hefur verið hjá yngri flokkum sem tóku þátt í Íslandsmótinu á tímabilinu. Blakdeildin stendur vel og stjórnin stefnir hátt. Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Badmintondeildin

Nerja Mesetovic gjaldkeri fer yfir ársskýrslu og ársreikning. Það eru ca. 15 manna iðkendahópur sem hefur verið stöðugur undanfarin ár. Deildin hélt byrjendanámskeið í haust og einnig hélt hún páskamót og jólamót sem gekk vel en 20 manns tóku þátt á báðum mótum. Stefna er á að halda annað námskeið og keppa æfingarleiki. Deildin harmar að missa æfingartíma í miðri viku frá síðasta tímabili en æfingartími er nú um helgar og hefur það áhrif á mætingu iðkenda. Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Fimleikadeildin

Árdís Erla Halldórsdóttir ritari fer yfir ársskýrslu og ársreikning. Hjá deildinni eru milli 120 og 130 iðkendur og þar af rúmlega 60 á leikskólaaldri. Það er búið að vera stöðugleiki í þjálfaramálum hjá deildinni og þá hafa stjórnarmeðlimir verið að ná sér í þjálfara réttindi til að þjálfa til að

aðstoða ef þarf. Farið var í æfingarhelgi á Egilstaði sem var mikil ánægja með. Deildin tók þátt í tilraunarverkefni „Allir með“ sem hlaut hvatastyrk frá Íþróttasamband fatlaðra. Það verkefni gengur vel og mun halda áfram næsta tímabil.

Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Frjálsíþróttadeildin

Bent er á skýrslu formanns á heimasíðunni. Iðkendafjöldi hefur minnkað. Hlaupahópur er enn starfandi innan deildarinnar og gengur vel en yngri flokka starf deildarinnar hætti í lok árs 2024 og til stendur að reyna að blása aftur lífi í það í sumar og hvetja til þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ í sumar á Egilstöðum. Ingólfur gjaldkeri fer yfir ársreikning.

Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Rafíþróttadeildin

Róbert Marwin Gunnarsson formaður fer yfir ársskýrslu og Margrét framkvæmdarstjóri fer yfir ársreikning. Alls eru 19 iðkendur hjá deildinni. Yngri flokka starfið féll niður eftir sumarið því það vantaði þjálfara. Unglingadeildin í samstarfi við FAS fékk jákvæðar viðtökur og stefnan á að halda því starfi áfram. Meistaraflokkur spilaði í 1.deild og lentu í 2.sæti. Deildin gekk því í gegnum breytingar á árinu en það er von deildarinnar að allt sé á uppleið.

Fyrirspurn úr sal:

Iðkendagjöld lækkað um milljón en laun hækkað um milljón? Margrét svarar að það voru greidd laun eftir á, sem þjálfari átti inni og því er launakostnaður meiri. Þá ber að hafa í huga að færri iðkendur en launakostnaður sá sami þrátt fyrir færri iðkendur.

Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Sunddeildin

Emil Örn Moravék formaður deildarinnar fer yfir ársskýrslu og ársreikning með aðstoð Margrétar.

Ný stjórn tók við eftir síðasta aðalfund. Námskeið voru haldin yfir sumarið sem gekk vel. Eftir sumarið voru svo minnkun á iðkendum. Deildin prófaði nýtt fyrirkomulag með Garpasund en það gekk ekki eins vel og þau vonuðust til og þarf að endurskoða. Forskólasundið gengur vel, um 20 iðkendur. Deildin fór ekki á mót á árinu.

Fyrirspurn úr sal:

Nýtt gjald: Sérsambandið samþykkti á þingi að rukka inn iðkendagjald 5.000 kr á iðkenda sem lagðist á æfingargjöld 2025. Sérsambandið kom til móts við leiðréttingu á iðkendatölu en fjöldinn var ekki réttur. Rætt um að gjaldið væri hátt í samanburði við önnur sérsambönd sem rukka fyrir iðkun.

Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Knattspyrnudeildin yngri flokkar

Janus Gilbert Stephensen formaður fer yfir ársskýrslu. Margrét fer yfir ársreikning. Breyting varð á þjálfaramálum á tímabilinu. Fjöldi iðkenda er svipaður eins og undanfarin ár. Iðkendafjöldi er þó ekki nógu stór til að halda kynjaskiptum æfingum og í elstu hópum er samstarf við Austurland. Flokkarnir tóku þátt í ýmsum mótum vítt og breitt um landið. Elsti hópurinn karla og kvenna fór í keppnisferð til Spánar og stóðu sig vel. Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Knattspyrnudeildin meistaraflokkar

Kristján Sigurður Guðnason formaður fer yfir ársskýrslu. Matthildur Ásmundadóttir fer yfir ársreikning með aðstoð Margrétar. Fjárhagurinn var slæmur þegar núverandi stjórn tók við og markmiðið hefur verið að rétta úr kútnum. Það tókst og fjárhagurinn er í góðu jafnvægi í dag. Deildin hefur greitt niður allar skuldir við Aðalstjórn og yngri flokka og þökkðu þeim fyrir góðan stuðning. Gott samstarf var við þjálfara deildarinnar og fá þeir þakkar fyrir. Ársreikningur borinn upp. Engar aðrar athugasemdir og reikningur samþykktur.

Körfuknattleiksdeild yngri flokka

Sigrún Ólög Björgvinsdóttir formaður fer yfir ársskýrslu. Margrét fer yfir ársreikning. Ný stjórn tók við eftir síðasta aðalfund. Þjálfaramálin breyttust á milli tímabila en reynt var að hafa 2 þjálfara hjá eldri hópunum. Stór hópur fór á 1.maí mót á Egilstöðum. Liðin kepptu á Íslandsmóti og stóðu sig vel á síðasta tímabili. Framtíðin er björt hjá yngri flokkum. 10-11.flokkur fór í æfingarferð til Serbíu á árinu og tókst sú ferð mjög vel. Deildin átti nokkra fulltrúa í landsliðs æfingabúðum KKÍ og einnig fulltrúa sem kepptu með yngri landsliðum Íslands. Körfuboltabúðir voru haldnar sem voru vel sóttar. Deildin hefur verið með aukinn fjöldi iðkenda og er markmiðið að byggja starfið upp enn frekar og þá vonandi að fá fleiri stúlkur inn.

Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Körfuknattleiksdeild meistaraflokkur

Hreiðar Bragi Valgeirsson formaður fer yfir ársskýrslu. Janine Arnes fer yfir ársreikning. Meistaraflokki karla gekk vel og náði besta árangri hingað til á síðasta tímabili. Þjálfarabreytingar voru á árinu. Deildin segir það krefjandi að halda í uppalda leikmenn eins og þekkist hjá landsbyggðinni og það sé þeirra helsta áskorun. Jafnvægi náðist þó á milli íslenskra og erlendra leikmanna fyrir tímabilið 2024-2025. Miðað við árangur liðsins er framtíðin björt. Deildin hefur verið með margar fjáraflanir sem hafa gengið vel og hefur umsjón með endurvinnslunni verið vendipunktur fyrir föstu fjármagni inn í deildina.

Fyrirspurnir úr sal:

Athugasemd um að sama tala kemur á milli ára undir rekstar gjöldunum. Anna Guðný bókar þakkar fyrir ábendinguna og nóterar hjá sér.

Á ársreikning er skuld við Aðalstjórn, er sú skuld vaxtarlaus og er vitað hvaða skuld þetta sé? Margrét svarar að hún sé vaxtarlaus. Aðalstjórn greiddi uppsafnaða reikninga frá árinu 2021 og

2022 sem skil skrá um. Í dag er ekki í boði að taka lán hjá Aðalstjórn, deildir verð að eiga fyrir gjöldum.

Ársreikningur borinn upp. Engar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Aðalstjórn

Einar Sigurjónsson formaður fer yfir ársskýrslu. Margrét framkvæmdastjóri fer yfir ársreikning. Mikil gróska í deildunum. Sveitarfélagið styrkti á árinu fyrir innleiðingu bókhaldkerfi og það kerfi hefur skilað sér vel í ábyrgari fjármálastjórnun. Einnig barst styrkur til ökutækja frá sveitarfélaginu með því markmiði að tryggja öryggi iðkenda með góðri og örari endurnýju bifreiðanna. Einar þakkar Sveitarfélaginu fyrir þeirra góða stuðning. Afmælishátíðin var 1.des og fór vel fram. Fyrsti heiðursfélaginn var heiðraður á afmælishátíðinni og var frumflutt nýtt Sindralag. Á haustdögum í framhaldi af uppsögn framkvæmdarstjóra fór félagið í stefnumótunarvinnu og er það von stjórnarinnar að sú vinna skili sterkari umgjörð og geri starf framkvæmdarstjóra auðveldara þegar þeirri vinnu líkur. Einnig er verið að vinna í lagabreytingum sem verða teknar fyrir í næsta dagskrálið.

Formaður húsnefndar, Gísli Már Vilhjálmsson, er ekki viðstaddur og bent á að hægt sé að lesa skýrslu húsnefndar á netinu.

Fyrirspurnir úr sal:

Á ársreikning er húsaleiga starfsmanna sem var ekki árið áður. Margrét svarar að hún sé vegna þjálfara sem er starfar nú fyrir aðalstjórn og vinna hans svo seld út til deilda. Þjálfari var undir annarri deild starfsárið 2023.

Ársreikningur borinn upp. Engar aðrar athugasemdir. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Anna Guðný Gunnarsdóttir bókarí fyrir félagið biður um orðið.

Anna segir vinnuna mjög skemmtilega en mikil vinna sé að færa bókhald félagsins vegna þess hve deildaskipt það er. Góð samvinna hefur verið á milli Margrétar og hennar. Margrét með mikla yfirsýn yfir fjármál félagsins. Hún segir það mjög mikilvægt að allar færslur bókhaldsins séu rekjanlegar. Ábyrgð bókhaldsins liggur hjá stjórn, formönnum og gjaldkjörum deilda en einnig hjá þeim sem færir bókhaldið. Hún leggur áherslu á að ekki sé í boði að gjaldkerar deilda séu að greiða persónulega fyrir reikninga deildanna og fá endurgreitt frá deildinni. Allar deildir eru með bankareikninga og aðalstjórn er með kreditkort sem á að nota til að tryggja rekjanleika. Fyrir starfsárið voru allar verktakgreiðslur gefnar upp til RSK. En mikil órói ríkir innan íþróttahreyfingarinnar vegna breyttra áhersla RSK á starfsemi íþróttafélaga og er UMF Sindri að standa sig vel hvað þetta varðar en þarf að fylgjast vel með samtali ÍSÍ og RSK um framhaldið.

3. Lagabreytingar

Tillaga að lagabreytingu https://umfsindri.is/wp-content/uploads/2025/04/Tillaga-um-breytingar-a-logum-Sindra_2025.pdf

Breytingartillaga liggur fyrir á 7.-8.-13.-15.-17. og 18.grein og má finna tillögu í sér skjali.

Tillaga lagabreytinga kemur úr stefnumótunarvinnunni. Einar formaður kemur upp og hvetur fólk til að hafa skoðun á tillögunni og hvetur til umræðu.

Greinar eftir númerum:

1. Engar athugasemdir. Tillaga samþykkt samhljóða.
2. Athugasemd:
 - a. Er þetta til þess að útskýra ítarlega? Já gera lögin skýrari. Það er tilgangurinn með breytingunum.
 - b. Hver er tilgangurinn með fyrirmyndafélagið? Faglega og betra starf. Sveitarfélagið gerir kröfu um að Sindri sé fyrirmyndafélag í rekstrarsamning við félagið. Með stefnumótunni er verið að gera handbókina ítarlegri.
 - c. Tillaga samþykkt samhljóða.
3. Efnislega óbreytt (umorðun eða lagað stafsetningavillur) Ekki borið hana upp
4. Efnislega óbreytt (umorðun eða lagað stafsetningavillur). Ekki borið hana upp.
5. Athugasemd:
 - a. Er til félagaskrá? Já. Skráin hjá ÍSí er mjög ónotendavæn. Í raun er Sportabler félagaskráin okkar.
 - b. Félagsgjaldið er ákveðið af Aðalstjórn og hefur verið 0 kr.
 - c. Tillaga samþykkt samhljóða.
6. Athugasemd:
 - a. Fyrirspurn um fyrstu setninguna og hvort hún ætti heima undir skipulag.
 - b. Sjálfstæður fjárhagur deilda? Kemur fram þar undir.
 - c. Tillaga samþykkt samhljóða.
7. Athugasemd:
 - a. Varðandi að auglýsa í staðarfjölmiðlum því að hann er ekki til. En það er einnig sagt í annarri grein.
 - b. Ekki hafa ákvörðun félagsgjalds í næst síðasta lið heldur ofar hjá ársreikningnum.
 - c. Tillaga samþykkt samhljóða eins og þriðji dálkurinn segir.
 - d. Greinin opnuð aftur: Eftir að var lesið 15.grein þá var tillaga um breytingu og sú breyting er í 3ja dálkinum.
 - e. Tillaga samþykkt samhljóða.
8. Athugasemd:
 - a. Hvað eru margir félagar? Þó það standi ekki þá á þetta bara við um skattgildafélaga.
 - b. Tillaga samþykkt samhljóða.
9. Athugasemd:
 - a. Grein 9 til 12 hanga allir saman.
 - b. Aðalstjórn fækkar um 8.
 - c. Tillaga samþykkt samhljóða
10. Tillaga samþykkt samhljóða
11. Tillaga samþykkt samhljóða.
12. Tillaga samþykkt samhljóða.

- a. Varðandi amk 3 formannafundi: þurfa að vera amk að vera 3 fundar en mættu þess vegna vera 30. En Sigurður nefnir að tæknilega séð er þetta ekki formannafundur heldur stjórnarfundur.

13. Athugasemd:

- a. Er framkvæmdarstjórn með yfirsýn allra deilda? Já hún er með það að mestu leyti.
- b. Hvað eru stærri fjárhagslegasbindingar? Ráðningarsamningar, styrktar samningar. Ekki hægt að hafa peningaupphæð því það sem er klink fyrir öðrum er mikið fyrir hinn.
- c. Tillaga samþykkt samhljóða

14. Engar athugasemdir. Tillaga samþykkt samhljóða.

15. Athugasemdir:

- a. Ef eigin deild hefur sinn aðalfund, þarf hún þá ekki að mæta á aðalfund félagsins?
 - i. Ekki tilgangur að hafa þessa grein inni þegar við erum að gera allt upp á einum aðalfundi
 - ii. Taka út að deildir geta haldið sinn eigin aðalfund.
 - iii. Tillaga að taka út megnið af 15 grein
 - iv. Tillaga að taka hana alveg út
 - v. Tillaga um að taka þá út síðustu setninguna í 7. Grein því hún tengist 15.grein.
 - vi. Tillaga að það sé til grein sem heitir „aðalfundir deilda“ og breytingartillaga skrifuð í 3ja dalkinn.
 - vii. Breytingartillaga og greinin í heild er samþykkt samhljóða.

16. Athugasemd:

- a. Er þörf á þessu?
- b. Tillaga: Sigurður gefur orðið laust um 16 og 17. grein því þær tengjast.
- c. Breytingartillagan í 3ja dalkinum
- d. Tillaga að greinarnar svissast. Að 17. grein verði 16. grein og öfugt.
- e. Tillaga samþykkt samhljóða.

17. Athugasemd:

- a. Tillaga samþykkt samhljóða

18. Athugasemd:

- a. Má aðili sitja í 2 stjórnnum? Ekkert sem bannar það. En getur ekki verið formaður eða gjaldkeri. Ekki æskilegt að það sé í sitthvorri deildinni því þá er spurningin um hagsmuni.
- b. 3 í staðin fyrir 5 = Samþykkt samhljóða
- c. 18 greinin í heild samþykkt samhljóða.

19. Óbreytt (umorðun eða lagað stafsetningavillur) Ekki borið hana upp

20. Tillaga samþykkt samhljóða

21. Tekur gildi nú þegar. Samþykkt með fyrirvara um samþykki ÍSí. Tillaga samþykkt samhljóða

Lagabreytingartillagan í heild er samþykkt samhljóða og má sjá í lok fundargerðar sem og eldri lög og ný til samanburðar.

4. Aðrar tillögur:

- Tillaga að félagsgjald UMF Sindra verði 0 kr. Tillaga samþykkt samhljóða.
- Tillaga um að það á næsta aðalfundi séu heiðranir 4.dagskráliður á eftir skýrslum og ársreikningum stjórnar. Tillaga samþykkt samhljóða.

5. Kosningar stjórnar

Badminton 3 í stjórn

Sigurborg Jóna Björnsdóttir gefur kost á sér áfram.

Nejra Mesetovic gefur kost á sér áfram.

Kristín Vala Þrastardóttir gefur kost á sér áfram.

Kjör samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Blak 3-5 í stjórn

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir gefur kost á sér áfram.

Elsa Gerður Hauksdóttir gefur kost á sér áfram.

Nikolina Tintor gefur kost á sér áfram.

Katrín Birta Björgvinsdóttir gefur kost á sér áfram.

Kjör samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Fimleikadeild 3-5 í stjórn

Fjóla Hrafnkelsdóttir lætur af störfum.

Árdís Erna Halldórsdóttir lætur af störfum.

Sæunn María Borgþórsdóttir gefur kost á sér áfram.

Berglind Borgþórsdóttir lætur af störfum.

Helga Ósk Helgadóttir gefur kost á sér áfram.

Brimdís Klara Árnýjardóttir gefur kost á sér.

Kristrún Marta Jónsdóttir - gefur kost á sér.

Kjör samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Frjálsar 3-5 í stjórn

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson lætur af störfum.

Ingólfur Hólmur Baldvinsson lætur af störfum.

Helga Árnadóttir gefur kost á sér áfram.

Kjör samþykkt, stjórn gefið að eiga samtal við Sunddeild um sameiningu stjórna eða að finna með sér stjórnarmenn. Ábending frá fundarstjóra um að leita ráða hjá ÍSÍ hvað sameiningu varðar.

Sund 3 í stjórn

Emil Morávek gefur kost á sér áfram.

Agnes Heiða Þorsteinsdóttir gefur kost á sér áfram.

Tjörvi Óskarsson lætur af störfum.

Kjör samþykkt, stjórn gefið að eiga samtal við Sunddeild um sameiningu stjórna eða að finna með sér stjórnarmenn. Ábending frá fundarstjóra um að leita ráða hjá ÍSÍ hvað sameiningu varðar.

Rafípróttir 3-5 í stjórn

Ottó Marvin Gunnarsson gefur kost á sér áfram.

Dagbjört Magnúsdóttir gefur kost á sér áfram.

Róbert Marvin Gunnarsson gefur kost á sér áfram.

Ragnhildur Lind Borgarsdóttir gefur kost á sér áfram.

Helga Valgerður Friðriksdóttir gefur kost á sér áfram.

Mariusz Techmanski - gefur kost á sér í stjórn

Sölvi Ólafsson - gefur kost á sér í stjórn

Kjör samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Knattspyrnudeild MFL 5-7 í stjórn.

Gunnar Ingi Valgeirsson gefur kost á sér áfram.

Kristján Guðnason gefur kost á sér áfram.

Sandra Sigmundsdóttir gefur kost á sér áfram.

Matthildur Ásmundardóttir gefur kost á sér áfram.

Steindór Sigurjónsson gefur kost á sér áfram.

Kristján Magnússon lætur af störfum.

Ingi Þór Sigurðsson- gefur kost á sér.

Kjör samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Knattspyrnudeild yngri flokka 3-5 í stjórn

Ingólfur Reynisson lætur af störfum.

Eva Birgisdóttir lætur af störfum.

Janus Gilbert Stephenson gefur kost á sér áfram.

Lena Hrönn Marteinsdóttir gefur kost á sér áfram
Halldór Steinar Kristjánsson gefur kost á sér áfram.

Vésteinn Fjölmisson gefur kost á sér.

Kjör samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Körfuknattleiksdeild MFL 5-7 í stjórn.

Þórgímur Tjörvi Halldórsson gefur kost á sér áfram.
Björgvin Hlíðar Erlendsson gefur kost á sér áfram.
Skúli Ingibergur Þórarinnsson gefur kost á sér áfram.
Jakob Guðlaugsson gefur kost á sér áfram.
Janine Arens gefur kost á sér áfram.
Hreiðar Bragi Valgeirsson lætur af störfum

Kjör samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Körfuknattleiksdeild yngri flokka 3-5 í stjórn.

Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir lætur af störfum.
Finnur Smári Torfason gefur kost á sér áfram.
Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir lætur af störfum.
Íris Heiður Jóhannsdóttir, gefur kost á sér.

Hreiðar Bragi Valgeirsson gefur kost á sér.

Kjör samþykkt, stjórn gefið að fullmana stjórn.

Aðalstjórn 3 í stjórn

Hjalti Þór Vignisson gefur kost á sér áfram.
Hanna María Friðriksdóttir lætur af störfum.
Einar Sigurjónsson gefur kost á sér áfram.

Eva Birgisdóttir gefur kost á sér.

Tillaga um að aðalstjórn finni tvo aðra með sér.
Kjör samþykkt.

6. Kosningar skoðunarmanns reikninga

Valdís Ósk Sigurðardóttir gefur kost á sér.

Kjör samþykkt. Samkvæmt lögum skulu vera tveir skoðunarmenn og er aðalstjórn falið að finna annan skoðunarmann.

7. Önnur mál

- Matthildur Ásmundsdóttir kvað sér orðs:
 - o Matthildur leggur áherslu á að deildir vinni saman og búi til gott félag og gott starfsumhverfi fyrir þann framkvæmdastjóra sem tekur við. Hún þakkar Margrét fráfarandi framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf.
- Gunnar Ingi Valgeirsson kvað sér orðs:
 - o Gunnar Ingi fylgir eftir því sem Matthildur sagði og bætir við að það sé óásættanlegt að frábær starfsmaður, sem hefur sinnt starfinu sínu af heilindum og fagmennsku skuli sjá sig knúna til að segja upp draumastarfinu sínu vegna starfsumhverfisins. Ábyrgð á því liggur fyrst og fremst hjá einni deild og/eða sérstaklega hjá 1 til 2 einstaklingum innan deildarinnar. um að kenna að hún sé að hverfa á braut og það sé óásættanlegt. Þá er jafnframt alvarlegt að sömu aðilar skuli bera út áráður og fara með rangt mál um aðrar deildir. Því miður að þeir sem viðhafa slíka umræðu sjá sér ekki fært að mæta á aðalfund. Við sem störfum innan félagsins, sjálfbóðaliðar sem og aðrir berum sameiginlega ábyrgð á að tala félagið upp, ekki niður.

8. Heiðranir

Heiðranir sjálfbóðaliða, Gull- og silfurmerki Sindra. Formaður veitir viðurkenningar.

Ingólfur Hólmur Baldvinsson, sjálfbóðaliða- og stjórnarstörf Frjálsíþróttadeild.

Ingólfur hefur verið viðloðin starf Sindra í tugi ára. Árið 1990, þá 16 ára, var Ingólfur fyrst kosinn í stjórn Frjálsíþróttadeilarinnar og hefur setið þar allt til dagsins í dag, þó með stuttu hléum. Frá unglingsaldri var Ingólfur farin að dæma og aðstoða við hin ýmsu frjálsíþróttamót á vegum Sindra, til að mynda á innanfélagsmótum og héraðsmótum, ásamt því að aðstoða á margan hátt við landsmótin sem hafa verið haldin í sveitarfélaginu. Ingólfur hlaut Silfurmerk UMF Sindra árið 2004 og hefur verið óþrjótandi og virkur í starfi deildarinnar og þökkum við Ingólfi fyrir hans ómetanleg störf og veitum honum gullmerki Sindra.

Páll Róbert Matthíasson, sjálfbóðaliða- og stjórnarstörf Blakdeild, Aðalstjórn og húsnefnd Heklu.

Róbert hefur sinnt stjórnarsetu innan félagsins frá árinu 2010. Hann byrjaði í stjórn Blakdeildar og sat þar lengst af, en einnig sat hann í Aðalstjórn félagsins. Þegar félagsheimilið Hekla var keypt árið 20019, var mynduð húsnefnisnefnd og sat Róbert þar frá byrjun, til dagsins í dag. Einnig ber að nefna að hann hefur setið í stjórn USÚ og þar af eitt ár sem formaður sambandsins. Við þökkum Róberti fyrir hans ómetanlega framlag til félagsins og veitum honum silfurmerki Sindra.

Sandra Sigmundsdóttir, sjálfbóðaliða- og stjórnarstörf Frjálsíþróttadeild, Fimleikadeild, Knattspyrnudeild Yngri flokka og meistaraflokka.

Sandra hefur víðað komið við innan félagsins en hún hefur sinnt stjórnarsetu hjá Frjálsíþróttadeild, Fimleikadeild og Knattspyrnudeild Yngri flokkum og Meistaraflokki. Ásamt því að sinna almennum stjórnarverkum var Sandra ein af þeim sem setti saman handbók yngri flokka sem var fagleg og nauðsynleg fyrir þróun starfsins á þeim tíma. Sú handbók er enn í gildi í dag með minniháttar breytingum. Sandra hefur sinnt óeigingjörnu og ómetanlegu starfi til félagsins og þökkum við henni fyrir hennar framlag til félagsins og veitum henni silfurmerki Sindra.

9. Fundarslit

Einar þakkar Sigurði Óskari fyrir fundarstjórn og slítur fundi kl. 20:10

Fundargerð rituð í tölvu af Hönnu Maríu Friðriksdóttur.

ELDRI LÖG	NÚVERANDI LÖG
1.grein - Nafn félags og varnarþing Félagið heitir Ungmennafélagið Sindri, skammstafað UMF. Sindri. Heimili og varnarþing félagsins er á Höfn í Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.	1.grein - Nafn félags og varnarþing Ungmennafélagið Sindri er heiti þess og er skammstafað UMF. Sindri. Heimili og varnarþing félagsins er á Höfn, í Sveitarfélaginu Hornafirði.
2.grein - Tilgangur félags og grunngildi Tilgangur félagsins er rekstur íþróttadeilda og efling íþróttaiðkunar á Höfn í Hornafirði. Grunngildi félagsins eru heiðarleiki, samvinna og metnaður.	2.grein - Tilgangur félags og grunngildi Tilgangur félagsins er rekstur íþróttadeilda og að glæða áhuga á hreyfingu og íþróttaiðkun á Höfn í Hornafirði. Félagið er ekki rekið í ágóðaskyni, skal starfa faglega og starfrækja af metnaði fyrirmyndar íþróttafélag þar sem boðið er upp á fjölbreytt íþróttastarf í einstaklings og hópíþróttum með heilbrigði og velliðan að leiðarljósi. Félagið skal leitast við öðlast þá gæðaviðurkenningu frá ÍSÍ sem hægt er hverju sinni, eins og Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og skulu stjórnir jafnt félagsins og deilda leggja sig fram við að fullnægja skyldum sem því fylgja. Grunngildi félagsins eru heiðarleiki, samvinna, metnaður og virðing.
3.grein - Merki félags og búningur Merki félagsins er stafirnir UMF SINDRI HÖFN á rauðum grunni, sem ber útlínur bókstafsins S í skjaldarformi. Aðalbúningur félagsins er rauð treyja, rauðar buxur og rauðir sokkar.	3.grein - Merki félags og búningur Merki félagsins er stafirnir UMF SINDRI HÖFN á rauðum grunni, sem ber útlínur bókstafsins S í skjaldarformi. Aðalbúningur félagsins er rauð treyja, rauðar buxur og rauðir sokkar.
4.grein - Aðild að heildarsamtökum Félagið er aðili að Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ) og sársamböndum þess, Ungmennafélagi Íslands og Ungmennasambandi Úlfjóts og er háð lögum þeirra og ákvörðunum.	4.grein - Aðild að heildarsamtökum Félagið er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og sársamböndum þess, Ungmennafélagi Íslands og Ungmennasambandinu Úlfjóti og er háð lögum þeirra og ákvörðunum.
5.grein - Félagar Allir iðkendur, stjórnarfolk og þjálfarar eru sjálfkrafa félagar í Sindra. Félagi getur orðið hver sá sem þess óskar og greiðir félagsgjald sem ákveðið er á aðalfundi ár hvert. Félagsgjald er innheimt árlega. Virkir sjálfboðaliðar geta einnig óskað eftir félagsaðild. Hætti þessir aðilar störfum geta þeir haldið áfram að vera félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds. Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt skriflega til aðalstjórnar sem heldur utan um félagatal. Félagsgjöld renna í aðalsjóð.	5.grein - Félagar Allir iðkendur, stjórnarfolk ásamt þjálfurum allra deilda og félagsins eru sjálfkrafa félagar í Umf. Sindra. Félagi getur orðið hver sá sem þess óskar og greiðir félagsgjald sem ákveðið er á aðalfundi ár hvert. Félagsgjald er innheimt árlega. Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt skriflega til aðalstjórnar sem heldur utan um félagatal. Félagsgjöld renna í aðalsjóð.

6.grein - Reikningsár og skoðunarmenn

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

Skoðunarmenn félagsins eru kjörnir á aðalfundi.

6.grein - Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess. Aðalstjórn félagsins er æðsti aðili í málefnum þess milli aðalfunda og mótar starfsemina í aðalatriðum, í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn hefur umsjón með sameiginlegum rekstri félagsins, svo sem mannvirkjum, skrifstofu félagsins sem og þjónustu við deildarstjórnir. Meginstarfsemi félagsins fer fram í deildum. Hver deild hefur sjálfstæðan fjárhag og stjórn sem kosin er á aðalfundi félagsins. Stjórnir innan félagsins skulu hver á sínu sviði vinna af metnaði og í samræmi við stefnu félagsins á hverjum tíma. Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

Skoðunaraðilar félagsins eru kjörnir á aðalfundi.

7.grein - Aðalfundur félags

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðalfundur skal halda í síðasta lagi 1.mars ár hvert.

Aðalfundur skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundi skal boða með auglýsingum í staðarfjölmíðlum og á áberandi stöðum á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal dagskrá aðalfundar koma fram.

Einstakar deildir félagsins skulu hafa haldið aðalfundi sína í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund félagsins. Heimilt er að sameina aðalfundi deilda ef þær þessa óska.

Aðalfundur er löglegur, ef löglega hefur verið til hans boðað.

Auglýsa skal lagabreytingar í fundarboði til aðalfundar.

Rétt til setu á aðalfundi með tillögurétt og málfrelsi hafa allir félagar í félaginu.

Kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið hafa allir félagar 18 ára og eldri, sem uppfyllt hafa skyldur sínar við félagið.

Á aðalfundi hafa fullgildir félagar 18 ára og eldri, aðalstjórn Sindra og stjórnir deilda Sindra einir atkvæðisrétt. Enginn getur farið með nema eitt atkvæði á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
3. Fráfarandi stjórn flytur skýrslu sína fyrir síðasta reikningsár
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og deilda þess
5. Umræða um skýrslur. Reikningar bornir upp til samþykktar
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs
7. Lagabreytingar
8. Aðrar tillögur sem eru til afgreiðslu á fundinum
9. Kosningar
 - a. Kosning 3ja manna stjórnar
 - b. Kosning skoðunarmanna
10. Ákvörðun félagsgjalda félagsmanna
11. Önnur mál.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema ef um lagabreytingar er að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Málefni sem félagar óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum skulu tilkynnt stjórn félagsins minnst tveimur vikum fyrir fund. Fundur getur með 2/3 hluta atkvæða leyft að taka fyrir mál, sem fram er komið eftir að dagskrá fundar var auglýst. Kjósa má stjórn í

7.grein - Aðalfundur félagsins

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Haldinn er sameiginlegur aðalfundur allra deilda innan félagsins og skal hann fara fram eigi síður en 15.mars ár hvert.

Aðalfundur skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fund skal boðað með auglýsingum í staðarfjölmíðlum séu þeir til staðar, netmiðlum félagsins og á áberandi stöðum á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal dagskrá aðalfundar koma fram ásamt því hvort tillögur að lagabreytingum verði lagðar fram á fundinum.

Aðalfundur er löglegur, ef löglega hefur verið til hans boðað.

Rétt til fundarsetu hafa allir lögmætir félagsmenn.

Kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið hafa allir lögráða félagar, sem uppfyllt hafa skyldur sínar við félagið.

Á aðalfundi hafa fullgildir lögráða félagar, aðalstjórn Sindra ásamt stjórnnum deilda Sindra einir atkvæðisrétt. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Aðalstjórn og deildarstjórnir flytja skýrslur sína fyrir síðasta starfsár.
4. Lagðir fram reikningar félagsins staðfestir af stjórnnum.
5. Umræða um skýrslu stjórna. Reikningar bornir upp til samþykktar.
6. Lagabreytingar.
7. Ákvörðun félagsgjalda félagsmanna.
8. Aðrar tillögur sem eru til afgreiðslu á fundinum.
9. Stjórnir leggja fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar.
10. Kosningar.
11. Kosning í stjórnir deilda.
12. Kosning formanns aðalstjórnar.
13. Kosning fjögurra annarra aðila í aðalstjórn.
14. Kosning tveggja skoðunaraðila.
15. Önnur mál.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema ef um lagabreytingar er að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Málefni sem félagar óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum skulu tilkynnt stjórn félagsins minnst tveimur vikum fyrir fund.

Aðalfundur getur með 2/3 hluta atkvæða leyft að taka fyrir mál, sem fram er komið eftir að dagskrá fundar var auglýst.

einu lagi þ.e. alla stjórnina saman. Þó skal kosið um einstök embætti æski einfaldur meirihluti fundar þess. Fundargerð afgreidd.	
8.grein - Aukaaðalfundur félags Aukaaðalfund má halda ef nauðsyn krefur skv. ákvörðun stjórnar félagsins eða ef 50 félagar óska þess. Aukaaðalfundur er lögmætur ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Á aukafundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn. Sú stjórn skal sitja til næsta reglulegs aðalfundar.	8.grein - Aukaaðalfundur félagsins Aukaaðalfund má halda ef nauðsyn krefur skv. ákvörðun stjórnar félagsins eða ef minnst 30 félagar óska þess. Aukaaðalfundur er lögmætur ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Á aukaaðalfundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn. Sú stjórn skal sitja til næsta reglulega aðalfundar.

9.grein - Aðalstjórn

Aðalstjórn Sindra fer með æðsta vald í málefnum félagsins og deilda þess milli aðalfunda.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður, ritari og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega. Þá koma að auki sjálfkrafa inn í stjórn formenn þeirra deilda sem starfandi eru á vegum félagsins hverju sinni. Úr þeirra röðum skal aðalstjórn kjósa sér varaformann.

Á milli aðalstjórnarfunda skipa formaður, ritari og gjaldkeri svokallað framkvæmdaráð. Hlutverk framkvæmdaráðs er að fylgja eftir samþykktum aðalstjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda. Framkvæmdastjórn skal einnig afgreiða mál sem tengjast persónulegum og/eða fjárhagslegum hagsmunum annarra aðalstjórnarmanna innan félagsins eða deilda þess.

Aðalstjórn er fulltrúi félagsins út á við. Hún er forsvari þess gagnvart USÚ Sveitarfélaginu Hornafirði, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórn annarra ípróttafélaga.

Verkefni aðalstjórnar eru að auki skipting styrkja Sveitarfélagsins Hornafjarðar og lottógreiðslna auk yfirumsjónar félagatals Sindra.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn fer með yfirstjórn allra peningamála félagsins og getur ef þörf virðist á, tekið fram fyrir hendurnar á einstaka deildum félagsins hvað öll mál varðar.

Lántökur deilda eru óheimilar nema með samþykki aðalstjórnar.

Leggja skal fjárhagsskuldbindingar deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar.

Aðalstjórn annast rekstur eigna Sindra s.s. bifreiðar.

Kaup, sala og veðsetning eigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar.

Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins.

Framkvæmdastjóri hefur, í umboði aðalstjórnar, umsjón með sameiginlegum rekstri félagsins og þjónustu við deildarstjórnir. Aðalstjórn getur falið framkvæmdastjóra frekari verkefni. Aðalstjórn setur framkvæmdastjóra starfsreglur.

Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan tveggja vikna frá aðalfundi. Fundir aðalstjórnar skulu haldnir mánaðarlega frá ágústlokum til maíloka og skulu venjubundnir aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund. Ritaðar skulu fundargerðir.

Formaður boðar til stjórnarfunda og stjórnar þeim. Fundur aðalstjórnar telst löglegur ef til hans hefur verið boðað með

9.grein - Aðalstjórn félagsins.

Aðalstjórn Sindra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Aðalstjórnina skipa fjórir aðilar auk formanns. Æskilegt er að aðilar í aðalstjórn sitji ekki í stjórn deilda.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður, skal kosinn sérstaklega, aðrir í einu lagi. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en formennsku á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund. Fundur aðalstjórnar telst löglegur ef sé til hans hefur verið boðað með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara og ásamt því að meirihluti stjórnarmanna er sé mættur.

Fundargerðir stjórnar skal ritari halda utan um, varðveita til geymslu og eftir bestu getu hafa þær aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Ritari getur úthlutað framkvæmdastjóra að rita og varðveita fundargerðir.

a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara og meirihluti stjórnarmanna er mættur	
	10.grein - Starfssvið aðalstjórnar. Aðalstjórn skal annast daglegan rekstur, ráðningu framkvæmdastjóra og eftir atvikum annað starfsfólk í samráði við framkvæmdastjóra, svo og framkvæmdir á vegum UMF. Sindra komi til þeirra. Aðalstjórn skal setja sér starfsreglur, þar sem m.a. er kveðið á um nánar fyrirkomulag stjórnarfundar, boðun þeirra og önnur almenn atriði varðandi starfs stjórnarinnar sem hún telur þörf á að hafa í starfsreglum. Aðalstjórn er fulltrúi félagsins út á við. Aðalstjórn er í forsvari félagsins gagnvart USÚ, Sveitarfélaginu Hornafirði og öðrum opinberum yfirvöldum. Verkefni aðalstjórnar er skipting styrkja Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt samþykktum úthlutunarreglum ásamt úthlutun á lottófé sem úthlutað er samkvæmt samþykkttri reglugerð. Aðalstjórn heldur einnig utan um félagatal UMF. Sindra. Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum félagsins og ber endanlega ábyrgð á fjármálum allra deilda félagsins samkvæmt lögum ÍSÍ. Stjórn er heimilt að boða deildarstjórnir á sinn fund til viðræðna um málefni deildarinnar. Lántökur deilda eru að öllu óheimilar án fyrir fram heimildar aðalstjórnar. Beiðni um lántöku þarf að fylgja endurgreiðsluáætlun. Allar fjárhagsskuldbindingar skulu samþykktar af aðalstjórn. Ársfjárhagsáætlun með upplýsingum um fjármögnun áætlunar skal leggja fram til stjórnar við upphaf árs, eða eigi síðar en við upphaf tímabils hverrar deildar. Aðalstjórn annast rekstur eigna UMF. Sindra s.s. bifreiðar og húsnæðis. Kaup, sala og veðsetning eigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar. Aðalstjórn er heimilt að skipa þær nefndir sem stjórn telur þörf fyrir. Aðalstjórn fer með fjármál félagsins og ber endanlega ábyrgð á fjármálum allra deilda félagsins. Sjóði félagsins skal ávaxta á árangursríkan og öruggan hátt.
	11.grein - Framkvæmdastjóri Framkvæmdastjóri starfar í umboði aðalstjórnar, er með umsjón á daglegum rekstri félagsins og þjónustu við deildir. Aðalstjórn setur upp starfslýsingu framkvæmdastjóra ásamt verklagsreglum um starf framkvæmdastjóra. Formaður aðalstjórnar er næsti yfirmaður framkvæmdastjóra.

	Framkvæmdastjóri hefur prókúru fyrir félagið ásamt formanni félagsins. Meirihluti stjórnar bindur félagið.
	12.grein - Formannafundir Aðalstjórn ber skylda til þess að halda a.m.k. þrjá formannafundi á ári. Á formannafundum eru deildir upplýstar um starfsemi félagsins ásamt því að stefnumótandi ákvarðanir fyrir félagið eru lagðar fyrir þessa fundi til ákvörðunar s.s. verklag skrifstofu og starfsmanna.

10.grein - Deildir Félaginu er skipt í deildir sem hver sinnir afmörkuðu sviði íþróttamála. Deildum félagsins er heimilt að setja sér starfsreglur á aðalfundi sínum, sem skulu staðfestar á aðalfundi félagsins. Deildir eru háðar eftirliti aðalfundar félagsins um starfsemi sína og fjármál og aðalstjórnar félagsins milli aðalfunda. Hver deild er fjárhagslega sjálfstæð en skal skila endurskoðuðum reikningum og skýrslu til aðalstjórnar fimm virkum dögum fyrir aðalfund deildarinnar. Hver deild skal færa bókhald samkvæmt reglugerðum ÍSÍ um bókhald deilda. Hver deild skal halda gerðarbók um allar ákvarðanir stjórnar og annað markvert sem varðar starf hennar. Gerðarbók skal vera aðgengileg aðalstjórn félags á hverjum tíma. Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir iðkendur deildarinnar. Iðkendaskrá skal vera aðgengileg aðalstjórn og framkvæmdastjóra. Upplýsingar um starfsmannagreiðslur deilda skulu veittar skattayfirvöldum skv. skattalögum hverju sinni. Hver deild skal fara með fulltrúavald gagnvart sínu sársambandi innan ÍSÍ og UMFÍ, og jafnframt vera tengiliður við þau sársambönd. Ákvörðun um stofnun nýrra íþróttadeilda er í höndum aðalstjórnar.	13.grein - Stjórn og rekstur deilda Um hverja íþróttagreina getur aðeins ein deild starfað innan félagsins. Sérhver deild er hluti af UMF. Sindra og skal starfa í samræmi við lög, stefnu og gildi félagsins. Deildum félagsins er heimilt að setja sér starfsreglur á aðalfundum sínum, sem skulu staðfestar á aðalfundi félagsins og séu í samræmi við stefnur og lög félagsins. Deildarstjórn ræður daglegum rekstri deildarinnar. Hver deild hefur stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Stefna deildarinnar skal vera í samræmi við stefnu félagsins. Deildir eru háðar samþykki aðalfundar félagsins um starfsemi sína ásamt fjármálum, einnig aðalstjórnar félagsins milli aðalfunda. Hver deild skal vinna af fagmennsku og metnaði í öllu sínu starfi, hvort sem það er í ráðningum þjálfara eða öðru. Ávallt skal hafa heildarhag iðkenda og félagsins að leiðarljósi í öllum ákvarðanatökum. Hver deild er fjárhagslega sjálfstæð, þó með endanlegri ábyrgð aðalstjórnar. Deild skal skila skoðuðum og staðfestum ársreikningum ásamt skýrslu til aðalstjórnar tveim vikum fyrir aðalfund deildarinnar. Allar stærri fjárhagslega skuldbindingar deilda ber að leggja fyrir aðalstjórn hverju sinni til samþykktar. Vanræki deild að skila fjárhagsáætlun í upphafi árs hefur aðalstjórn heimild til niðurfellinga á styrkjum til viðkomandi deildar. Hver deild skal sjá til þess að allt bókhald deildarinnar sé fært samkvæmt reglugerðum um bókhald deilda, í samvinnu við aðalstjórn. Stjórn deildar ber ábyrgð á að réttar upplýsingar séu sendar til þar til bærra yfirvalda s.s. skattayfirvalda. Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til þess að skoða bókhald og fjárreiður deilda. Í því skyni getur aðalstjórn tilnefnt trúnaðaraðila til slíkra verka, sem getur komið með tillögum og jafnvel fyrirhælt um úrbætur ef þurfa þykir. Afreksstarf og fjármögnun þess skal aðgreint sérstaklega í reikningum og bókhaldi deilda. Hver deild skal halda gerðarbók um allar ákvarðanir ásamt öðru er markvert þykir sem varðar starf hennar. Í lok árs skal draga saman helstu atriði í starfsemi deildarinnar sem myndar skýrslu stjórnar í árslok. Stjórn deildar ber ábyrgð á ritun fundagerða á aðalfundi deildarinnar ásamt stjórnarfundum og koma þeim til aðalstjórnar eftir hvern fund. Gerðarbók skal vera aðgengileg aðalstjórn félags á hverjum tíma. Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir iðkendur deildarinnar. Iðkendaskrá skal vera aðgengileg aðalstjórn og framkvæmdastjóra hverju sinni. Iðkendur skulu vera skráðir í það tölvukerfi sem viðurkennt er og UMF. Sindri notar hverju sinni.
--	---

	Hver deild skal fara með fulltrúavald gagnvart sínu sérsambandi innan ÍSÍ og jafnframt vera tengiliður við þau sérsambönd. Eignir hvernar deildar teljast sameign félagsins, verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar á skrifstofu félagsins.
--	--

11.grein - Stofnun og niðurlagning deilda Aðalstjórn félagsins skal hafa umsjón með stofnun nýrra deilda og setur nýrri deild starfsreglur til að starfa eftir. Stofnfundur deildar skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda. Hætti deild störfum er stjórn deildarinnar skylt að afhenda eignir hennar til aðalstjórnar félagsins.	14.grein - Stofnun og niðurlagning deilda Aðalstjórn félagsins skal hafa umsjón með stofnun nýrra deilda og setur nýrri deild starfsreglur til að starfa eftir. Stofnfundur deildar skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda. Hætti deild störfum er stjórn deildarinnar skylt að afhenda eignir hennar til aðalstjórnar félagsins. Hefjist starfsemi hennar ekki að nýju innan tveggja ára, ber að sækja um stofnun að nýju.
12.grein - Aðalfundir deilda Aðalfundir deilda fara með æðsta vald í málefnum þeirra, næst á eftir aðalfundi félags og aðalstjórn. Hver deild skal halda aðalfund fyrir miðjan febrúar ár hvert. Boðað skal til aðalfundar með sjö daga fyrirvara í staðarmiðlum. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Félagaskrá skal liggja frammi, aðgengileg fundarmönnum og fundarstjóra. Fundir deilda eru opnir en rétt til atkvæðagreiðslu hafa þeir sem eru á félagsskrá samkvæmt 5.grein þessara laga og verða 18 ára á fundarárinu. Kjörgengir til trúnaðarstarfa deilda eru félagsmenn Sindra. Dagskrá aðalfundar deildanna skal vera: 1. Kosinn fundarstjóri og ritari 2. Lögð fram skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. 3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til umræðu og afgreiðslu til aðalstjórnar félags 4. Kosningar 5. Þriggja manna stjórn sem skiptir með sér verkum formanns, ritara og gjaldkera 6. Önnur mál. Á aðalfundi skal einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráða niðurstöðu. Heimilt er að sameina aðalfundi deilda ef þær þess óska. Vanræki deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.	15.grein - Aðalfundir deilda Aðalfundir deilda skulu fara fram samhliða aðalfundi félagsins.

14.grein - Stjórnir deilda Stjórnir deilda fara með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda og hafa ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar. Stjórnir deilda bera ábyrgð á því gagnvart aðalstjórn að rekstur og fjárreiður séu í samræmi við lög félagsins og landslög. Hver deild skal hafa þriggja manna stjórn að lágmarki; formann, ritara og gjaldkera. Enginn einstaklingur getur gegnt meira en einu af ofangreindum embættum á sama tíma. Stjórnir deilda skulu eftir föngum ráða faglærða þjálfara og ákveða laun þeirra. Við ráðningu þjálfara til yngri flokka skulu deildir hafa til hliðsjónar stefnuyfirlýsingu Íþróttá- og ólympíusambands Íslands um þjálfaramenntun. Stjórn deildar samþykkir æfingagjöld deildar. Æfingagjöld skulu staðfest af aðalstjórn. Stjórnir deilda skulu fyrir sitt leyti samþykkja fjárhagsáætlanir næsta almanaksár og leggja fram til aðalstjórnar fyrir lok nóvember ár hvert. Skili deild ekki fjárhagsáætlun hefur aðalstjórn heimild til að stöðva styrki til deildarinnar. Aðalstjórn er heimilt að leggja fyrir stjórn deildar að skila uppgjöri ársfjórðungslega telji aðalstjórn ástæðu til. Brjótí stjórn deildar alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða í ljós koma alvarlegir misbrestir í starfi deildar er aðalstjórn skylt að beina áskorun til stjórnar deildar um tafarlaustar úrbætur á því sem aflaga hefur farið. Bregðist stjórn deildar ekki við skriflegri áskorun aðalstjórnar um úrbætur með fullnægjandi hætti innan 14 daga getur aðalstjórn vikið stjórn deildar til hliðar og tekið yfir rekstur deildar til bráðabirgða. Þá skal aðalstjórn efna til aukaaðalfundar eins fljótt og við verður komið og ekki síðar en innan tveggja mánaða frá því aðastjórn vék deildarstjórn til hliðar. Áskorun um úrbætur samkvæmt grein þessari telst löglega afhent þegar hún hefur verið birt tveimur stjórnarmönnum deildar með sannanlegum hætti.	16.grein - Stjórnir deilda Hver deild skal hafa þriggja manna stjórn að lágmarki; formann, auk tveggja til fjögurra aðila sem skipta með sér öðrum embættum innan stjórnar. Þó er heimilt, samkvæmt ákvörðun aðalstjórnar, að deild starfi með tvö ráð, meistaraflokksráð/afreksráð annars vegar og yngriflokkaráð hins vegar, án deildarstjórnar. Í hvoru ráði skulu sitja að lágmarki 5 aðilar. Ef ráðin starfa án deildarstjórnar gilda sömu reglur og um deildir, sjá greinar 12 -14. Aðalstjórn hefur heimild til þess að virkja deildarstjórn þeirra deilda sem starfað hafa án deildastjórna ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna reksturs, stjórnskipulags eða annarra málefna innan deildarinnar. Deildarstjórn og ráð deilda skulu vinna að eflingu sinna íþróttagreina og ákveða æfingargjöld í samræmi við reglur aðalstjórnar. Ráðin skipa fulltrúa á formannafundi og á aðalfund félagsins. Brjótí deildarstjórn eða ráð deildar alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt lögum félagsins eða í ljós koma alvarlegir misbrestir í starfi hefur aðalstjórn heimild til aðgerða. Bregðist deildarstjórn eða ráð ekki við skriflegri áskorun aðalstjórnar um úrbætur með fullnægjandi hætti innan 14 daga getur aðalstjórn vikið stjórn eða ráðum til hliðar og tekið yfir rekstur viðkomandi deildar eða ráðs til bráðabirgða. Þá skal aðalstjórn efna til aukaaðalfundar deildar eins fljótt og auðið er, þó eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að aðalstjórn vék stjórn eða ráðum til hliðar.
	17.grein - Aukaaðalfundir deilda Aukaaðalfund deildar skal halda ef aðalstjórn eða deildarstjórn telur þess þörf. Aukaaðalfundur er lögmætur, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 14. grein þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórnarkosning skulu þó ekki fara fram á aukaaðalfundi nema brýn nauðsyn beri til.

15.grein - Yngri flokka ráð Sé umfang deilda það mikið að útséð er að þriggja manna stjórn geti haldið utan um það er leyfilegt að stofna yngri flokka ráð. Tilkynna skal stofnun slíks ráðs til aðalstjórnar. Gilda sömu reglur eins og um deildir sjá 10. og 14.grein. Yngri flokka ráð skilar ársskýrslu og reikningi með viðkomandi deild. Formaður yngri flokka ráðs kemur inn í aðalstjórn.	18.grein - Sérráð deilda skyldur og rekstur Starfræki deild afreksstarf og barna- og unglingastarf samhliða er deild skylt að starfrækja tvö ráð innan sinna vébanda, meistaraflokksráð/afreksráð annars vegar og yngriflokkráð hins vegar. Í hvoru ráði skulu sitja að lágmarki 3 aðilar. Ráðin starfa í samræmi við stefnu og gildi félagsins. Ráðin geta leitað til aðalstjórnar telji þau að hagsmunum sinna mála sé ekki sinnt sem skyldi af deilarstjórn eða ráði deildar. Aðalstjórn hefur heimild til þess að kalla deildarstjórnir eða ráð deilda til sín, fara yfir sjónarmið allra og leysa úr ágreiningi sé hann til staðar. Aðalstjórn getur fengið utanaðkomandi aðstoð við úrlausn mála ef þurfa þykir. Einn fulltrúi frá hvoru ráði skal sitja í stjórn deildar þegar deildarstjórn er starfrækt, til gæslu á hagsmunum hvors ráðs fyrir sig. Bókhald, ársreikningar og fjárreiður deildar skal vera uppskipt og ekki flæði fjármagns á milli, nema að undangengnu samþykki deildarstjórnar og aðalstjórnar félagsins. Meistaraflokksráð/afreksráð sér um daglegan rekstur á afreksstarfi í samráði við framkvæmdastjóra félagsins og deildarstjórn (eða aðalstjórn þegar ráðin starfa án deildarstjórnar), þ.e. fjármögnun afreksstarfs, ráðning þjálfara í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins og í samræmi við stefnu og gildi félagsins, samninga við leikmenn, sé það í starfi deildarinnar, og umsjón með keppnisleikjum og umgjörð þeirra. Yngriflokkráð sér um daglegan rekstur á barna- og unglingastarfi í samráði við framkvæmdastjóra félagsins og deildarstjórn (eða aðalstjórn þegar ráðin starfa án deildarstjórnar) og framkvæmdastjóra félagsins, þ.e. fjármögnun á starfi barna og unglinga sé þess þörf umfram æfingagjöld, umgjörð keppnisleikja og ráðning þjálfara í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins.
16.grein - Niðurlagning félagsins Tillögu um að leggja félagið niður má aðeins taka fyrir á lögmætum aðalfundi. Tillaga um að leggja félagið niður skal koma fram í fundarboði. Til samþykktar þess að leggja félagið niður þarf minnst 4/5 hluta atkvæða. Sé samþykkt að leggja félagið niður, skal boða til aukaaðalfundar til að staðfesta niðurstöðuna. Sé félag lagt niður skulu hugsanlegar eignir þess renna til ungmennasambandsins Úlfjóts.	19.grein - Niðurlagning félagsins Tillögu um að leggja félagið niður má aðeins taka fyrir á lögmætum aðalfundi. Tillaga um að leggja félagið niður skal koma fram í fundarboði. Til samþykktar þess að leggja félagið niður þarf minnst 4/5 hluta atkvæða. Sé samþykkt að leggja félagið niður, skal boða til aukaaðalfundar til að staðfesta niðurstöðuna. Sé félagið lagt niður skulu hugsanlegar eignir þess renna til ungmennasambandsins Úlfjóts.

	20.grein - Lagabreytingar Lögum þessum má ekki breyta, nema á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til lagabreytinga og stofnun nýrra deilda innan félagsins skulu tilkynntar með aðalfundarboði, og skulu þær liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins eigi skemur en 7 dögum fyrir aðalfund.
17.grein - Gildistaka Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þar með úr gildi öll fyrri lög félagsins.	21.grein - Gildistaka Lög þessi öðlast þegar gildi, hafi þau fengið staðfestingu frá USÚ og ÍSÍ og falla þar með úr gildi öll fyrri lög félagsins.

Lög UMF Sindra samþykkt á aðalfundi 29.apríl 2025.

1.grein - Nafn félags og varnarþing

Ungmennafélagið Sindri er heiti þess og er skammstafað UMF. Sindri. Heimili og varnarþing félagsins er á Höfn, í Sveitarfélaginu Hornafirði.

2.grein - Tilgangur félags og grunngildi

Tilgangur félagsins er rekstur íþróttadeilda og að glæða áhuga á hreyfingu og íþróttaiðkun á Höfn í Hornafirði. Félagið er ekki rekið í ágóðaskyni, skal starfa faglega og starfrækja af metnaði fyrirmyndar íþróttafélag þar sem boðið er upp á fjölbreytt íþróttastarf í einstaklings og hópíþróttum með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi. Félagið skal leitast við öðlast þá gæðaviðurkenningu frá ÍSÍ sem hægt er hverju sinni, eins og Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og skulu stjórnir jafnt félagsins og deilda leggja sig fram við að fullnægja skyldum sem því fylgja.

Grunngildi félagsins eru heiðarleiki, samvinna, metnaður og virðing.

3.grein - Merki félags og búningur

Merki félagsins er stafirnir UMF SINDRI HÖFN á rauðum grunni, sem ber útlínur bókstafsins S í skjaldarformi. Aðalbúningur félagsins er rauð treyja, rauðar buxur og rauðir sokkar.

4.grein - Aðild að heildarsamtökum

Félagið er aðili að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og sérsamböndum þess, Ungmennafélagi Íslands og Ungmennasambandinu Úlfljóti og er háð lögum þeirra og ákvörðunum.

5.grein - Félagar

Allir iðkendur, stjórnarfolk ásamt þjálfurum allra deilda og félagsins eru sjálfkrafa félagar í Umf. Sindra. Félagi getur orðið hver sá sem þess óskar og greiðir félagsgjald sem ákveðið er á aðalfundi ár hvert. Félagsgjald er innheimt árlega.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt skriflega til aðalstjórnar sem heldur utan um félagatal. Félagsgjöld renna í aðalsjóð.

6.grein - Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess. Aðalstjórn félagsins er æðsti aðili í málefnum þess milli aðalfunda og mótar starfsemina í aðalatriðum, í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn hefur umsjón með sameiginlegum rekstri félagsins, svo sem mannvirkjum, skrifstofu félagsins sem og þjónustu við deildarstjórnir. Meginstarfsemi félagsins fer fram í deildum. Hver deild hefur sjálfstæðan fjárhag og stjórn sem kosin er á aðalfundi félagsins. Stjórnir innan félagsins skulu hver á sínu sviði vinna af metnaði og í samræmi við stefnu félagsins á hverjum tíma.

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

Skoðunaraðilar félagsins eru kjörnir á aðalfundi.

7.grein - Aðalfundur félagsins

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Haldinn er sameiginlegur aðalfundur allra deilda innan félagsins og skal hann fara fram eigi síður en 15. mars ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með minnst sjö daga fyrirvara. Fundur skal boðaður með auglýsingum í staðarfjölmíðlum séu þeir til staðar, netmiðlum félagsins og á áberandi stöðum á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal dagskrá aðalfundar koma fram ásamt því hvort tillögur að lagabreytingum verði lagðar fram á fundinum.

Aðalfundur er löglegur, ef löglega hefur verið til hans boðað.

Rétt til fundarsetu hafa allir lögmætir félagsmenn.

Kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið hafa allir lögráða félagar, sem uppfyllt hafa skyldur sínar við félagið.

Á aðalfundi hafa fullgildir lögráða félagar, aðalstjórn Sindra ásamt stjórnnum deilda Sindra einir atkvæðisrétt. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
3. Aðalstjórn og deildarstjórnir flytja skýrslur sína fyrir síðasta starfsár
4. Lagðir fram reikningar félagsins staðfestir af stjórnnum
5. Umræða um skýrslu stjórnar. Reikningar bornir upp til samþykktar
6. Lagabreytingar
7. Ákvörðun félagsgjalda félagsmanna

8. Aðrar tillögur sem eru til afgreiðslu á fundinum
9. Stjórnir leggja fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar
10. Kosningar
 - a. Kosning í stjórnir deilda
 - b. Kosning formanns aðalstjórnar
 - c. Kosning fjögurra annarra aðila í aðalstjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunaraðila
11. Önnur mál.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema ef um lagabreytingar er að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Málefni sem félagar óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum skulu tilkynnt stjórn félagsins minnst tveimur vikum fyrir fund.

Aðalfundur getur með 2/3 hluta atkvæða leyft að taka fyrir mál, sem fram er komið eftir að dagskrá fundar var auglýst.

8.grein - Aukaaðalfundur félagsins

Aukaaðalfundur má halda ef nauðsyn krefur skv. ákvörðun stjórnar félagsins eða ef minnst 30 félagar óska þess. Aukaaðalfundur er lögmætur ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Á aukaaðalfundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn. Sú stjórn skal sitja til næsta reglulega aðalfundar.

9.grein - Aðalstjórn félagsins.

Aðalstjórn Sindra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Aðalstjórnina skipa fjórir aðilar auk formanns. Æskilegt er að aðilar í aðalstjórn sitji ekki í stjórn deilda.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður, skal kosinn sérstaklega, aðrir í einu lagi. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en formennsku á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund. Fundur aðalstjórnar telst löglegur ef sé til hans hefur verið boðað með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara og ásamt því að meirihluti stjórnarmanna er sé mættur.

Fundargerðir stjórnar skal ritari halda utan um, varðveita til geymslu og eftir bestu getu hafa þær aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Ritari getur úthlutað framkvæmdastjóra að rita og varðveita fundargerðir.

10.grein - Starfssvið aðalstjórnar.

Aðalstjórn skal annast daglegan rekstur, ráðningu framkvæmdastjóra og eftir atvikum annað starfsfólk í samráði við framkvæmdastjóra, svo og framkvæmdir á vegum UMF. Sindra komi til þeirra.

Aðalstjórn skal setja sér starfsreglur, þar sem m.a. er kveðið á um nánar fyrirkomulag stjórnarfunda, boðun þeirra og önnur almenn atriði varðandi starfs stjórnarinnar sem hún telur þörf á að hafa í starfsreglum.

Aðalstjórn er fulltrúi félagsins út á við. Aðalstjórn er í forsvari félagsins gagnvart USÚ, Sveitarfélaginu Hornafirði og öðrum opinberum yfirvöldum.

Verkefni aðalstjórnar er skipting styrkja Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt samþykktum úthlutunarreglum ásamt úthlutun á lottófé sem úthlutað er samkvæmt samþykktri reglugerð. Aðalstjórn heldur einnig utan um félagatal UMF. Sindra.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum félagsins og ber endanlega ábyrgð á fjármálum allra deilda félagsins samkvæmt lögum ÍSÍ.

Stjórn er heimilt að boða deildarstjórnir á sinn fund til viðræðna um málefni deildarinnar.

Lántökur deilda eru að öllu óheimilar án fyrir fram heimildar aðalstjórnar. Beiðni um lántöku þarf að fylgja endurgreiðsluáætlun.

Allar fjárhagsskuldbindingar skulu samþykktar af aðalstjórn. Ársfjárhagsáætlun með upplýsingum um fjármögnun áætlunar skal leggja fram til stjórnar við upphaf árs, eða eigi síðar en við upphaf tímabils hvernar deildar.

Aðalstjórn annast rekstur eigna UMF. Sindra s.s. bifreiðar og húsnæðis.

Kaup, sala og veðsetning eigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar.

Aðalstjórn er heimilt að skipa þær nefndir sem stjórn telur þörf fyrir.

Aðalstjórn fer með fjármál félagsins og ber endanlega ábyrgð á fjármálum allra deilda félagsins.

Sjóði félagsins skal ávaxta á árangursríkan og öruggan hátt.

11.grein - Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri starfar í umboði aðalstjórnar, er með umsjón á daglegum rekstri félagsins og þjónustu við deildir. Aðalstjórn setur upp starfslýsingu framkvæmdastjóra ásamt verklagsreglum um starf framkvæmdastjóra. Formaður aðalstjórnar er næsti yfirmaður framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri hefur prókúru fyrir félagið ásamt formanni félagsins. Meirihluti stjórnar bindur félagið.

12.grein - Formannafundir

Aðalstjórn ber skylda til þess að halda a.m.k. þrjá formannafundi á ári. Á formannafundum eru deildir upplýstar um starfsemi félagsins ásamt því að stefnumótandi ákvarðanir fyrir félagið eru lagðar fyrir þessa fundi til ákvörðunar s.s. verklag skrifstofu og starfsmanna.

13.grein - Stjórn og rekstur deilda

Um hverja íþróttagrein getur aðeins ein deild starfað innan félagsins. Sérhver deild er hluti af UMF. Sindra og skal starfa í samræmi við lög, stefnu og gildi félagsins.

Deildum félagsins er heimilt að setja sér starfsreglur á aðalfundum sínum, sem skulu staðfestar á aðalfundi félagsins og séu í samræmi við stefnur og lög félagsins.

Deildarstjórn ræður daglegum rekstri deildarinnar. Hver deild hefur stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Stefna deildarinnar skal vera í samræmi við stefnu félagsins. Deildir eru háðar samþykki aðalfundar félagsins um starfsemi sína ásamt fjármálum, einnig aðalstjórnar félagsins milli aðalfunda. Hver deild skal vinna af fagmennsku og metnaði í öllu sínu starfi, hvort sem það er í ráðningum þjálfara eða öðru. Ávallt skal hafa heildarhag iðkenda og félagsins að leiðarljósi í öllum ákvarðanatökum.

Hver deild er fjárhagslega sjálfstæð, þó með endanlegri ábyrgð aðalstjórnar. Deild skal skila skoðuðum og staðfestum ársreikningum ásamt skýrslu til aðalstjórnar tveim vikum fyrir aðalfund deildarinnar. Allar stærri fjárhagslega skuldbindingar deilda ber að leggja fyrir aðalstjórn hverju sinni til samþykktar. Vanræki deild að skila fjárhagsáætlun í upphafi árs hefur aðalstjórn heimild til niðurfellinga á styrkjum til viðkomandi deildar.

Hver deild skal sjá til þess að allt bókhald deildarinnar sé fært samkvæmt reglugerðum um bókhald deilda, í samvinnu við aðalstjórn. Stjórn deildar ber ábyrgð á að réttar upplýsingar séu sendar til þar til bærri yfirvalda s.s. skattayfirvalda. Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til þess að skoða bókhald og fjárreiður deilda. Í því skyni getur aðalstjórn tilnefnt trúnaðaraðila til slíkra verka, sem getur komið með tillögur og jafnvel fyrimæli um úrbætur ef þurfa þykir.

Afreksstarf og fjármögnun þess skal aðgreint sérstaklega í reikningum og bókhaldi deilda.

Hver deild skal halda gerðarbók um allar ákvarðanir ásamt öðru er markvert þykir sem varðar starf hennar. Í lok árs skal draga saman helstu atriði í starfsemi deildarinnar sem myndar skýslustjórnar í árslok. Stjórn deildar ber ábyrgð á ritun

fundagerða á aðalfundi deildarinnar ásamt stjórnarfundum og koma þeim til aðalstjórnar eftir hvern fund. Gerðarbók skal vera aðgengileg aðalstjórn félags á hverjum tíma.

Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir iðkendur deildarinnar. Iðkendaskrá skal vera aðgengileg aðalstjórn og framkvæmdastjóra hverju sinni. Iðkendur skulu vera skráðir í það tölvukerfi sem viðurkennt er og UMF. Sindri notar hverju sinni.

Hver deild skal fara með fulltrúavald gagnvart sínu sérsambandi innan ÍSÍ og jafnframt vera tengiliður við þau sérsambönd.

Eignir hvernar deildar teljast sameign félagsins, verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar á skrifstofu félagsins.

14.grein - Stofnun og niðurlagning deilda

Aðalstjórn félagsins skal hafa umsjón með stofnun nýrra deilda og setur nýrri deild starfsreglur til að starfa eftir. Stofnfundur deildar skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda.

Hætti deild störfum er stjórn deildarinnar skylt að afhenda eignir hennar til aðalstjórnar félagsins. Hefjist starfsemi hennar ekki að nýju innan tveggja ára, ber að sækja um stofnun að nýju.

15.grein - Aðalfundir deilda

Aðalfundir deilda skulu fara fram samhliða aðalfundi félagsins.

16.grein - Stjórnir deilda

Hver deild skal hafa þriggja manna stjórn að lágmarki; formann, auk tveggja til fjögurra aðila sem skipta með sér öðrum embættum innan stjórnar. Þó er heimilt, samkvæmt ákvörðun aðalstjórnar, að deild starfi með tvö ráð, meistaraflokksráð/afreksráð annars vegar og yngriflokkaráð hins vegar, án deildarstjórnar. Í hvoru ráði skulu sitja að lágmarki 5 aðilar. Ef ráðin starfa án deildarstjórnar gilda sömu reglur og um deildir, sjá greinar 12 -14.

Aðalstjórn hefur heimild til þess að virkja deildarstjórn þeirra deilda sem starfað hafa án deildastjórna ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna reksturs, stjórnskipulags eða annarra málefna innan deildarinnar.

Deildarstjórn og ráð deilda skulu vinna að eflingu sinna íþróttagreina og ákveða æfingargjöld í samræmi við reglur aðalstjórnar. Ráðin skipa fulltrúa á formannafundi og á aðalfund félagsins.

Brjóti deildarstjórn eða ráð deildar alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt lögum félagsins eða í ljós koma alvarlegir misbrestir í starfi hefur aðalstjórn heimild til aðgerða. Bregðist deildarstjórn eða ráð ekki við skriflegri áskorun aðalstjórnar um úrbætur með fullnægjandi hætti innan 14 daga getur aðalstjórn vikið stjórn eða ráðum til hliðar og tekið yfir rekstur viðkomandi deildar eða ráðs til bráðabirgða.

Þá skal aðalstjórn efna til aukaaðalfundar deildar eins fljótt og auðið er, þó eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að aðalstjórn vék stjórn eða ráðum til hliðar.

17.grein - Aukaaðalfundir deilda

Aukaaðalfund deildar skal halda ef aðalstjórn eða deildarstjórn telur þess þörf. Aukaaðalfundur er lögmætur, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 14. grein þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórnarkosning skulu þó ekki fara fram á aukaaðalfundi nema brýn nauðsyn beri til.

18.grein - Sérráð deilda skyldur og rekstur

Starfræki deild afreksstarf og barna- og unglingastarf samhliða er deild skylt að starfrækja tvö ráð innan sinna vébanda, meistaraflokksráð/afreksráð annars vegar og yngriflokkaráð hins vegar. Í hvoru ráði skulu sitja að lágmarki 3 aðilar.

Ráðin starfa í samræmi við stefnu og gildi félagsins. Ráðin geta leitað til aðalstjórnar telji þau að hagsmunum sinna mála sé ekki sinnt sem skyldi af deildarstjórn eða ráði deildar. Aðalstjórn hefur heimild til þess að kalla deildarstjórnir eða ráð deilda til sín, fara yfir sjónarmið allra og leysa úr ágreiningi sé hann til staðar. Aðalstjórn getur fengið utanaðkomandi aðstoð við úrlausn mála ef þurfa þykir.

Einn fulltrúi frá hvoru ráði skal sitja í stjórn deildar þegar deildarstjórn er starfrækt, til gæslu á hagsmunum hvors ráðs fyrir sig.

Bókhald, ársreikningar og fjárreiður deildar skal vera uppskipt og ekki flæði fjármagns á milli, nema að undangengnu samþykki deildarstjórnar og aðalstjórnar félagsins.

Meistaraflokksráð/afreksráð sér um daglegan rekstur á afreksstarfi í samráði við framkvæmdastjóra félagsins og deildarstjórn (eða aðalstjórn þegar ráðin starfa án deildarstjórnar), þ.e. fjármögnun afreksstarfs, ráðning þjálfara í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins og í samræmi við stefnu og gildi félagsins, samninga við leikmenn, sé það í starfi deildarinnar, og umsjón með keppnisleikjum og umgjörð þeirra.

Yngriflokkaráð sér um daglegan rekstur á barna- og unglingastarfi í samráði við framkvæmdastjóra félagsins og deildarstjórn (eða aðalstjórn þegar ráðin starfa án deildarstjórnar) og framkvæmdastjóra félagsins, þ.e. fjármögnun á starfi barna og unglinga sé þess þörf umfram æfingagjöld, umgjörð keppnisleikja og ráðning þjálfara í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins.

19.grein - Niðurlagning félagsins

Tillögu um að leggja félagið niður má aðeins taka fyrir á lögætum aðalfundi.

Tillaga um að leggja félagið niður skal koma fram í fundarboði.

Til samþykktar þess að leggja félagið niður þarf minnst 4/5 hluta atkvæða.

Sé samþykkt að leggja félagið niður, skal boða til aukaaðalfundar til að staðfesta niðurstöðuna.

Sé félagið lagt niður skulu hugsanlegar eignir þess renna til Ungmennasambandsins Úlflióts.

20.grein - Lagabreytingar

Lögum þessum má ekki breyta, nema á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til lagabreytinga og stofnun nýrra deilda innan félagsins skulu tilkynntar með aðalfundarboði, og skulu þær liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins eigi skemur en 7 dögum fyrir aðalfund.

21.grein - Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi, hafi þau fengið staðfestingu frá USÚ og ÍSÍ og falla þar með úr gildi öll fyrri lög félagsins.